

**TILMÆLI nr. A1****2020/EES/69/22****frá 18. október 2017****um útgáfu staðfestingarinnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009***(Texti sem varðar EES og Sviss)*

2018/C 183/06 (\*)

## FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa <sup>(1)</sup> en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll álitæfni er lúta að framkvæmd eða túlkun ákvæða þeirrar reglugerðar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 um lagalegt gildi skjala og fylgigagna sem sýna stöðu einstaklings,

með hliðsjón af 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 um staðfestinguna á því hvaða löggjöf eigi við skv. II. bálki reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 er kveðið á um að þar til bær stofnun aðildarríkisins sem setur löggjöfina sem gildir skv. II. bálki reglugerðar (EB) nr. 883/2004 skuli, að beiðni hlutaðeigandi einstaklings eða vinnuveitandans, leggja fram staðfestingu á að löggjöfin eigi við og tilgreina, eftir því sem við á, gildistíma og skilyrði.
- 2) Framkvæmdaráðið ákveður uppbyggingu og efni A1 vottorðsins er hafa skal meðferðis um það hvaða löggjöf gildir um handhafa.
- 3) Í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 er kveðið á um að þetta vottorð skuli viðurkennt af stofnunum hinna aðildarríkjanna svo fremi það hafi ekki verið dregið til baka eða lýst ógilt í aðildarríkinu sem gaf það út.
- 4) Meginreglan um samstarf af heilindum, sem einnig er mælt fyrir um í 3 mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og tilgreind er í 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, útheimtir að stofnanir láti fara fram viðeigandi mat á þeim staðreyndum sem máli skipta varðandi ákvörðun gildandi löggjafar um almannatryggingar og staðfesti síðan að þær upplýsingar, sem skráðar eru á A1 vottorð er hafa skal meðferðis, séu réttar.
- 5) Þessi vottorð gefa til kynna að handhafinn sé réttilega skráður í almannatryggingakerfi aðildarríkis útgáfustofnunarinnar er gaf út vottorðið.

## LAGT TIL EFTIRFARANDI VIÐ ÞAR TIL BÆRAR ÞJÓNUSTUDEILDIR OG STOFNANIR:

1. Til þess að koma í veg fyrir fölsun á A1 vottorðinu er hafa skal meðferðis, t.d. með því að skipta á blaðsíðum mismunandi vottorða, er mælt með því að útgefin vottorð feli í sér sannvottunarþætti, þ.e.:
  - a) þar sem vottorðin eru gefin út með rafrænum hætti ættu þau að hafa raðnúmer eða auðkennisnúmer á hverri blaðsíðu. Í því tilviki er ekki lengur nauðsynlegt að hafa hefðbundna undirskrift eða blekstimpil,
  - b) þar sem vottorðin eru gefin út handvirkt ættu þau að vera prentuð báðum megin á blaðsíðu og blaðsíðurnar ættu að vera tengdar saman þannig að ekki sé auðvelt að aðskilja þær. Það er t.d. hægt með því að brjóta niður efra vinstra horn, hefta blaðsíðurnar saman á því horni og stimpla á bakhliðina.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB C 183, 29.5.2018, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 236/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(<sup>1</sup>) Stjttíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

2. Til viðbótar er mælt með því að hvert útgefið A1 vottorð er hafa skal meðferðis sé skráð þannig að auðvelt og fljótlegt sé að sannprófa að það sé ósvikið.
3. Aðildarríkin ættu að upplýsa framkvæmdaráðið um mismunandi aðferðir stofnana þeirra við útgáfu á A1 vottorðunum er hafa skal meðferðis. Sendinefndirnar hjá framkvæmdaráðinu ættu að upplýsa viðkomandi eftirlitsstofnanir sínar um þetta.
4. Áður en A1 vottorð er hafa skal meðferðis er gefið út er mælt með því að stofnanir meti allar staðreyndir sem málið varða, annað hvort á grundvelli gagna frá opinberum aðilum eða með því að fara þess á leit við umsækjanda að hann veiti nauðsynlegar upplýsingar. Til leiðbeiningar fyrir stofnanir er að finna í viðaukanum staðlaðan lista, sem ekki er tæmandi, yfir almennar spurningar sem og sértækar spurningar varðandi viðeigandi greinar í reglugerð (EB) nr. 883/2004. Þær má aðlaga eftir því sem við á í hverju máli fyrir sig.
5. Á umsóknareyðublöðunum ætti að vera fyrirvari þar sem umsækjandi lýsir því yfir að hann hafi svarað öllum spurningum rétt samkvæmt sinni bestu vitund og að honum sé kunnugt um að fara kunnri fram eftirlit sem getur haft í för með sér að vottorðið verði afturkallað og að sú afturköllun verði afturvirk.
6. Lagt er til að þar til bærar stofnanir hafi upplýsingar um útgefin A1 vottorð er hafa skal meðferðis tiltækar, helst í rafrænum gagnagrunni. Í samræmi við 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 ættu þær að tilkynna hver annarri, í gegnum kerfið fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI), um sérhverja ákvörðun sem tekin er varðandi gildandi löggjöf vegna starfsemi sem lögð er stund á í hinu aðildarríkinu.
7. Tilmæli þessi skulu birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þau öðlast gildi á tuttugasta degi eftir birtingu þeirra.

*Formaður framkvæmdaráðsins,*

Agne NETTAN-SEPP

## VIÐAUKI

**Staðlaðir spurningalistar fyrir umsókn um A1 vottorð er hafa skal meðferðis****A. ALMENNAR SPURNINGAR UM EINSTAKLINGINN SEM A1 VOTTORÐIÐ (PD A1) ER HAFA SKAL MEÐFERÐIS VARÐAR**

Eftirfarandi spurningar þurfa að vera á hverju umsóknareyðublaði og vera sannreynðar af útgáfustofnuninni:

- Kenninafn/eftirnafn
- Eiginnafr
- Fæðingardagur og -ár
- Kyn: karl/kona/óþekkt
- Kennitala
- Fæðingarstaður
- Ríkisfang
- Viðkomandi einstaklingur er löglega búsettur í aðildarríki (fyrir ríkisborgara þriðju landa)
- Heimilisfang í búseturíki (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
- Heimilisfang í dvalarríki (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
- Heimilisfang þar sem ná má í viðkomandi
- Starfsheiti/atvinnugrein/starf

**B. SÉRTÆKAR SPURNINGAR EFTIR ÞVÍ VIÐ HVAÐA AÐSTÆÐUR FARIÐ ER FRAM Á A1 VOTTORÐ ER HAFA SKAL MEÐFERÐIS**

Til viðbótar eru settar fram hér á eftir sértækar spurningar eftir mismunandi aðstæðum þar sem hægt er að fara fram á A1 vottorð, er hafa skal meðferðis, á grundvelli II. bóls reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa <sup>(1)</sup>.

**1. Umsókn skv. a-lið 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (starf sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í einu aðildarríki)**

- Vinnuveitandi
  - Heiti
  - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
- Sjálfstæð atvinnustarfsemi
  - Heiti
  - Skráningarnúmer
  - Almannatrygginganúmer
  - Skattnúmer
  - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
- Upphafsl/lokadagur starfs

**2. Umsókn skv. b-lið 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (opinberir starfsmenn)**

- Vinnuveitandi (stjórnvald sem ræður viðkomandi)
  - Heiti
  - Skráningarnúmer

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

- Almannatrygginganúmer
  - Skattnúmer
  - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Vinnustaður/vinnustaðir erlendis (endurtakið eins oft og þörf krefur)
    - Heiti
    - Skráningarnúmer
    - Almannatrygginganúmer
    - Skattnúmer
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
    - Ekkert fast heimilisfang í atvinnuríkinu
  - Upphafsdagur starfs erlendis
  - Lokadagur starfs erlendis
3. **Umsókn skv. 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (atvinnustarfsemi um borð í skipi á sjó)**
- Vinnuveitandi
    - Heiti
    - Skráningarnúmer
    - Almannatrygginganúmer
    - Skattnúmer
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
    - Ekkert fast heimilisfang í atvinnuríkinu
  - Nafn skipsins
  - Fánaríki skipsins
  - Launin eru greidd af fyrirtæki sem er með skráða skrifstofu eða starfsstöð í öðru ríki: já/nei
  - Upphafsdagur starfs
  - Lokadagur starfs
4. **Umsókn skv. 5. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (flugliðar eða öryggis- og þjónustuliðar)**
- Vinnuveitandi
    - Heiti
    - Skráningarnúmer
    - Almannatrygginganúmer
    - Skattnúmer
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Staðsetning heimahafnar
  - Upphafsdagur starfs
  - Lokadagur starfs

**5. Umsókn skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (útsending starfsmanna)**

- Vinnuveitandi í sendiríkinu
  - Heiti
  - Skráningarnúmer
  - Almannatrygginganúmer
  - Skattnúmer
  - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Flokkun skv. atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE)
- Fyrirtæki (eitt eða fleiri) í viðtökuríkinu/á staðnum eða -stöðunum þar sem viðkomandi er sendur til starfa
  - Heiti
  - Skráningarnúmer
  - Almannatrygginganúmer
  - Skattnúmer
  - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Ekkert fast heimilisfang í atvinnuríkinu
- Upphafsdagur útsendingar
- Lokadagur útsendingar
- Launþeginn heyrir undir löggjöf sendiríkisins í einn mánuð áður en hann er sendur út til starfa: já/nei
- Nánari upplýsingar um starf sem innt er af hendi í mánuðinum áður en starfsmaðurinn er sendur út til starfa
- Eðli starfs í sendiríki
- Eðli starfs í viðtökuríki
- Launþeginn er sendur til að taka við af öðrum útsendum starfsmanni: já/nei
- Ef svarið er já skal tilgreina hvers vegna þessi útskipti eru talin nauðsynleg
- Launþeginn hefur áður unnið í hlutaðeigandi viðtökuaðildarríki: já/nei
- Ef svarið er já skal tilgreina fyrri útsendingartímabil (frá... til...)
- Fjöldi launþega á vegum vinnuveitanda í sendiríkinu (að undanskildu skrifstofufólki)
- Fjöldi skrifstofufólks í sendiríkinu
- Fjöldi útsendra launþega
- Fjöldi samninga sem koma til framkvæmda í sendiríkinu
- Fjöldi samninga sem koma til framkvæmda í viðtökuríkinu
- Velta í sendiríkinu (í %)

- Velta í viðtökuaðildarríkinu (í %)
- Vinnuveitandinn í sendiríkinu getur ákveðið að segja upp samningnum við launþegana á útsendingartímabili þeirra: já/nei
- Vinnuveitandinn í sendiríkinu getur tekið ákvarðanir um lykilatriði starfseminnar sem innt er af hendi í viðtökuríkinu: já/nei
- Ráðningarsamningurinn er gerður við: vinnuveitandann í sendiríkinu/fyrirtækið í viðtökuríkinu
- Launþeginn mun fá laun frá: vinnuveitandanum í sendiríkinu/fyrirtækinu í viðtökuríkinu
- Ráðningarsambandið viðhelst á útsendingartímabilinu: já/nei
- Fyrirtækið sem launþeginn er sendur til starfa hjá mun ráðstafa honum til annars fyrirtækis: já/nei

6. **Umsókn skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (útsending sjálfstætt starfandi einstaklinga)**

- Sjálfstæð atvinnustarfsemi í sendiríkinu
  - Heiti
  - Skráningarnúmer
  - Almannatrygginganúmer
  - Skattnúmer
  - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
- Sjálfstæð atvinnustarfsemi í viðtökuríkinu/á staðnum sem viðkomandi er sendur til starfa á
  - Heiti
  - Skráningarnúmer
  - Almannatrygginganúmer
  - Skattnúmer
  - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Ekkert fast heimilisfang í atvinnuríkinu
- Upphafsdagur útsendingar
- Lokadagur útsendingar
- Hinn sjálfstætt starfandi hefur áður unnið í viðtökuaðildarríkinu: já/nei
- Ef svarið er já skal tilgreina fyrri útsendingartímabil (frá... til...)
- Á útsendingartímabili mun rekstrarformi fyrirtækis í sendiríkinu verða viðhaldið svo að atvinnustarfsemi geti hafist aftur við heimkomu erlendis frá: já/nei
- Atvinnustarfsemi hefst aftur við heimkomu frá viðtökuaðildarríki
- Eðli starfs í sendiríki
- Eðli starfsemi í viðtökuríki

7. **Umsókn skv. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (starf sem launþegi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum þegar vinnuveitandi eða vinnuveitendur eru staðsettir í búseturíki viðkomandi einstaklings)**
- Vinnuveitandi
    - Heiti
    - Skráningarnúmer
    - Almannatrygginganúmer
    - Skattnúmer
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Þau ríki þar sem starf er innt af hendi
  - Nánari upplýsingar um vinnustað(i) (endurtakið eins oft og þörf krefur)
    - Heiti fyrirtækis
    - Kennitala (ein eða fleiri)
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
    - Ekkert fast heimilisfang í atvinnuríkinu
  - Þau ríki þar sem starfsemin svarar til innan við 5% af hefðbundnum vinnutíma starfsmannsins og/eða innan við 5% af heildarlaunum hans
  - Upphafsdagur starfs í hverju fyrirtæki
  - Lokadagur starfs í hverju fyrirtæki
8. **Umsókn skv. 1 mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (starf sem launþegi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum — aðrar aðstæður)**
- Vinnuveitandi/vinnuveitendur (endurtakið eins oft og þörf krefur)
    - Heiti
    - Skráningarnúmer
    - Almannatrygginganúmer
    - Skattnúmer
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Flokkun vinnuveitanda skv. atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE)
  - Þau ríki þar sem starf er innt af hendi
  - Nánari upplýsingar um vinnustað(i) (endurtakið eins oft og þörf krefur)
    - Heiti fyrirtækis
    - Kennitala (ein eða fleiri)
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
    - Ekkert fast heimilisfang í atvinnuríkinu

- Þau ríki þar sem starfsemin svarar til innan við 5% af hefðbundnum vinnutíma starfsmannsins og/eða innan við 5% af heildarlaunum hans
  - Þau ríki þar sem starfsemin svarar til a.m.k. 25% af hefðbundnum vinnutíma starfsmannsins og/eða a.m.k. 25% af heildarlaunum hans.
  - Upphafsdagur starfs í hverju fyrirtæki
  - Lokadagur starfs í hverju fyrirtæki
9. **Umsókn skv. 2 mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (sjálfstæð atvinnustarfsemi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum)**
- Sjálfstæð atvinnustarfsemi
    - Heiti
    - Skráningarnúmer
    - Almannatrygginganúmer
    - Skattnúmer
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Flokkun sjálfstæðu atvinnustarfseminnar skv. atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE)
  - Þau ríki þar sem starf er innt af hendi
  - Nánari upplýsingar um stað(i) þar sem sjálfstæð atvinnustarfsemi fer fram (endurtakið eins oft og þörf krefur)
    - Heiti fyrirtækis (ef við á):
    - Kennitala (ein eða fleiri) (ef við á)
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
    - Ekkert fast heimilisfang í atvinnuríkinu
  - Velta og/eða tekjur í hverju ríki sem starfsemi fer fram í
  - Vinnutími í hverju ríki sem starfsemi fer fram í
  - Hversu oft þjónusta er veitt í hverju ríki sem starfsemi fer fram í
  - Upphafsdagur starfsemi
  - Lokadagur starfsemi
10. **Umsókn skv. 3 mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (starf sem launþegi og sjálfstætt starfandi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum)**
- Sjálfstæð atvinnustarfsemi (endurtakið eins oft og þörf krefur)
    - Heiti
    - Skráningarnúmer
    - Almannatrygginganúmer
    - Skattnúmer
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)



- Vinnuveitandi (endurtakið eins oft og þörf krefur)
    - Heiti
    - Skráningarnúmer
    - Almannatrygginganúmer
    - Skattnúmer
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Flokkun vinnuveitanda skv. atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE)
  - Þau ríki þar sem starf er innt af hendi
  - Nánari upplýsingar um vinnustaði (endurtakið eins oft og þörf krefur)
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
    - Ekkert fast heimilisfang í atvinnuríkinu
  - Þau ríki þar sem starfsemin svarar til innan við 5% af hefðbundnum vinnutíma starfsmannsins og/eða innan við 5% af heildarlaunum hans
  - Þau ríki þar sem starfsemin svarar til a.m.k. 25% af hefðbundnum vinnutíma starfsmannsins og/eða a.m.k. 25% af heildarlaunum hans.
  - Upphafsdagur starfsemi
  - Lokadagur starfsemi
11. **Umsókn skv. 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (opinber starfsmaður í einu ríki og launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í öðru)**
- Vinnuveitandi (stjórnvald sem ræður viðkomandi)
    - Heiti
    - Skráningarnúmer
    - Almannatrygginganúmer
    - Skattnúmer
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Sjálfstæð atvinnustarfsemi og/eða starf sem launþegi (endurtakið eins oft og þörf krefur)
    - Heiti
    - Skráningarnúmer
    - Almannatrygginganúmer
    - Skattnúmer
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Upphafsdagur starfs
  - Lokadagur starfs
12. **Umsókn skv. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (sammingsbundið starfsfólk Evrópusambandsins)**
- Vinnuveitandi (meginstofnun eða stofnun ESB sem ræður viðkomandi)
    - Heiti
    - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)

- Vinnustaður erlendis
  - Heiti
  - Skráningarnúmer
  - Almanatrygginganúmer
  - Skattnúmer
  - Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)
  - Ekkert fast heimilisfang í atvinnuríkinu
- Upphafsdagur starfs sem samningsbundinn starfsmaður Evrópusambandsins
- Löggjöfin sem viðkomandi einstaklingur valdi að heyra undir: löggjöf þess ríkis þar sem hann starfar/löggjöf þess ríkis sem hann heyrði síðast undir/löggjöf þess ríkis þar sem hann er ríkisborgari

### C. DÆMI UM FYRIRVARA TIL NOTKUNAR Á UMSÓKNAREYÐUBLÖÐUM

#### 1. Almennt:

- „Ég lýsi því yfir að upplýsingarnar sem settar eru fram á þessu eyðublaði eru réttar og ítarlegar.“
- „Ég hef svarað öllum spurningum rétt samkvæmt minni bestu vitund.“

#### 2. Útsending launþega:

- „Ég lýsi því yfir að mér er kunnugt um að á útsendingartímabilinu kunni að fara fram eftirlit með því að þessu tímabili sé ekki lokið. Slíkt eftirlit getur einkum tekið til greiðslu iðgjalda og þess hvort bein tengsl hafa haldist.“
- „Sem vinnuveitandi útsenda launþegans lýsi ég því yfir að upplýsingarnar eru ítarlegar og réttar. Mér er kunnugt um að veittar upplýsingar kunna að verða athugaðar gaumgæfilega í *<nafn sendiaðildarríkis>* og í viðtökuríkinu af þar til bærrí stofnun. Ef veittar upplýsingar eru ekki í samræmi við raunverulegar aðstæður getur vottorðið um gildandi löggjöf verið afturkallað og sú afturköllun verið afturvirk. Í því tilviki mun löggjöf viðtökuríkisins, þar sem starfið er í raun innt af hendi, gilda. Ég heiti því að upplýsa þar til bæra stofnun í *<nafn sendiaðildarríkis>* i. ef launþeginn hefur ekki verið sendur út til starfa eða ef hlé verður á útsendingartímabili í meira en tvo mánuði eða ii. ef útsendingunni lýkur fyrir lok áætlaðs útsendingartímabils.“

#### 3. Útsending sjálfstætt starfandi einstaklinga:

- „Ég lýsi því yfir að mér er kunnugt um að á þeim tíma, sem ég stunda tímabundna starfsemi í starfsríkinu, kunni að fara fram eftirlit með því að skilyrðin, sem gilda um þá starfsemi, hafi ekki breyst. Slíkt eftirlit getur m.a. tekið til greiðslu iðgjalda og viðhalds þeirra innviða sem nauðsynlegir eru til þess að geta stundað starfsemina í ríkinu þar sem ég hef staðfestu.“

#### 4. Starfsemi eins vinnuveitanda í tveimur eða fleiri aðildarríkjum - fyrirvari fyrir vinnuveitandann:

- „Ég lýsi því yfir að upplýsingarnar eru ítarlegar og réttar. Mér er kunnugt um að veittar upplýsingar kunna að verða athugaðar gaumgæfilega í *<nafn sendiaðildarríkis>* og í viðtökuríkinu, þar sem starfið er innt af hendi, af þar til bærrí stofnun. Ef veittar upplýsingar eru ekki í samræmi við raunverulegar aðstæður getur vottorðið um gildandi löggjöf verið afturkallað og sú afturköllun verið afturvirk. Í því tilviki mun þurfa að ákveða að nýju hvaða löggjöf gildir með tilliti til raunverulegra aðstæðna. Ég heiti því að upplýsa þar til bæra stofnun í *<nafn sendiaðildarríkis>* um allar breytingar varðandi ráðningarsambandið (þ.e. breytingu á vinnuveitanda, breytingu á þeim stað þar sem hagsmuna er helst að gæta (e. centre of interests), breytingu á vinnutíma, að hafin sé ný starfsemi).“